

# Alle sammen teller

Höfundur texta og mynda: Kristin Roskifte (Noregi), Þýðandi: Sigrún Eldjárn, Forlag: Vaka Helgafell, Hlaut Barna- og unglingabókaverðlaun Norðurlandaráðs 2019.

Um bókina: Titillinn „Öll með tölu“ hefur tvöfalda merkingu. Hann vísar til þess að hver einstaklingur skiptir máli en um leið getum við öll tekið þátt í telja fólkið á myndunum, frá einum upp í þúsund. Fólkið hittist á bókasafninu, á ströndinni, á leikvelli­num og víða annars staðar án þess að það þekki endilega hvert annað. Allt fólkið er mismunandi og hver á sér sína sögu. Fyrst kynnumst við stráknum Tómasi og fjölskyldu hans. Hann veltir fyrir sér hversu margt fólk lítur upp í stjórnuhimininn á sama tíma. Í lok sögunnar safnast þúsund manns saman til að sjá halastjörnu og þá fæst svar við spurningu Tómasar.

Efnisorð: inngilding, fjölbreytileiki, umburðarlyndi, einstaklingur og hópur, samheldni, lýðræði

## Samtöl og leikur:

### SKOÐA-LESA með yngstu börnunum

Skoðaðu myndirnar með barninu. Hvað vekur athygli ykkar? Teljið saman!

### LEIKSKÓLABÖRN

1. Skoðaðu kápumyndina, um hvað heldur þú að bókin sé? Hver myndir þú vilja vera?
2. Skoðaðu fyrstu myndina af stráknum. Á hvað er hann að horfa? Um hvern er hann að hugsa?
3. Hvað geturðu talið upp í háa tölu? Er hægt að telja allt? Flettið upp á opnunni með 1000: Komið þið auga á strákinn og fjölskyldu hans?
4. Líttu á mynd fimm af fjölskyldu stráksins. Hvað eru þau mörg? Hvað heldurðu að þeim finnst gaman að gera? Hvert þeirra myndir þú vilja leika þér við?
5. Teiknaðu persónu sem þú myndir vilja kynna. Klippið persónurnar út og festið þær á veggspjald þannig að úr verði hópmynd.



ISBN 978-952-7486-52-8

### BÖRN KOMIN Á SKÓLAALDUR

1. Um tölur og að telja á mörgum tungumálum: Hvað eru mörg tungumál í barnahópnum? Veljið opnu með myndum og teljið einhver atriði sem þar er að finna, helst á fleiri en einu tungumáli. Kannski vill einhver kenna hinum að telja á móðurmáli sínu?
2. Skoðaðu myndina af 100 börnum að leika sér á skólalóðinni. Í hvernig leiki fara börnin? Hvaða börnum á myndinni myndir þú vilja kynna? Hvaða börn leika sér saman og hver leika sér ein? Hvort finnst þér skemmtilegra að leika þér út af fyrir þig eða með öðrum börnum? Hvernig spyrjið þið aðra krakka hvort þeir vilji leika við ykkur?
3. Á öftustu opnunni er fjöldi fólks að horfa samtímis á halastjörnu. Hvað er halastjarna? Er jörðin stjarna? Heldurðu að einhver búi á öðrum stjörnum?
4. Teiknileikur: Öll börnin teikna heila manneskju, klippa hana út og festa myndirnar svo á einn stað þannig að úr verði hópmynd. Getið þið búið til sögu um það sem fólkið gerir saman?

## BÖRN SEM LESA SJÁLF

1. Hvað fannst þér best við bókina? Fannst þér vanta eitthvað í hana eða var eitthvað sem þú skildir ekki? Veistu um sögur eða bækur sem minna á þessa eða fjalla um það sama?

2. Líttu á myndina á blaðsíðu sex. Þarna eru nokkrar manneskjur í lyftu sem þekkjast ekki neitt. Hvernig gætu þær kynnst ef þær langaði til þess?

3. Skoðaðu myndina á blaðsíðu sex. Karl og kona þekkjast ekki og eru bæði einmana. Skoðaðu bókina til að komast að því hvernig þau kynnst á mörgum blaðsíðum bókarinnar. Opna 18, þau hittast á bókasafninu. Opna 27, þau skoða sýningu. Opna 30, þau ganga um í almenningsgarðinum. Opna 50, þau sitja á kaffihúsi saman. Opna 60, þau giftast. Opna 135: þau fara saman í frí. Opna 1000: þau skoða sýningu.

4. Skoðaðu myndina á opnu 400. Ræðið það sem er að gerast þar. Hvað er mót mælafundur? Hver getur mót mælt? Hverju myndir þú mót mæla?

5. Hlutverkaleikur, teiknileikur eða ritleikur: Búðu til sögu með mörgum smáatriðum um persónur úr bókinni, hverjar eru þær, hvað eru þær að hugsa um og hvernig hitta þær aðrar persónur í bókinni.



## ÖNNUR BÓK SEM GÆTI VERIÐ GAMAN AÐ LESA:

Jag och alla. Höfundar: Ylva Karlsson og Sara Lundberg

## MÁLAMOLI

### Geturðu talið upp að þremur á nokkrum Norðurlandamálum?

sænska	danska	norðursamíska	íslenska	færeyska	grænlandska	finnska	norska
Ett, tvá, tre	En, to, tre	Okta, guokte, golbma	Eínn, tveir, þrír	Eitt, tvey, trý	Ataaseq, marluk, pingasut	Yksi, kaksi, kolme	En, to, tre

Merkið myndir af lesstundinni ykkar með [#nordiskabokslukaren!](#)